

# LEIÐSÖGN SF.

## Þrjú hjól undir bílnum?

Námskeið fyrir almenning í viðhaldi bifreiða verður haldið að Þangbakka 10 (jarðhæð, vesturhlíð íbúðarblokkarinnar í Mjóddinni, Breiðholti I).

Námskeiðið hefst fimmtudaginn 29. nóvember og stendur í 3 vikur. Kennnt verður á mánudags- og fimmtudagskvöldum frá kl. 20.30 til 22.30.

Námskeiðið er ætlað þeim konum og körlum sem vilja vita meira um bílinn sinn og miðar að því að gera fólk færara um að bjarga sér sjálft ef bilanir verða og koma í veg fyrir þær. Verklegr kennsla á bifreiðaverkstæði er hluti námskeiðsins. Fjöldi þátttakenda er takmarkaður.

Leiðbeinandi er Elías Arnlaugsson, kennari við Iðnskólann í Reykjavík.

Innritun að Þangbakka 10, virka daga og um helgar, kl. 15.30 til 18.30.

Upplýsingar í síma 79233 á sama tíma.

## Einhell HDR 150-D

### HÁPRÝSTI ÞVOTTATÆKI



ÓTRÚLEGA HAGSTÆTT  
VERÐ AÐEINS KR. 21.683,00

**Skeljungsbúðin**

Síðumúla 33  
símar 81722 og 38125

## Gott tilboð

Leðurtöflur með skinnfóðruðu innleggi.

Litir: d. blár, rauður, hvítur og drapplitaður.



KR. 550.



Domus Medica.  
S: 18519.



**TILBOÐSVERSLUNIN.**  
Barónsstíg 18. S: 23566.



## Menning

### Valgerður Hafstað — á Kjarvalsstöðum

Valgerður Hafstað hefur opnað málverkasýningu að Kjarvalsstöðum. Hún sýnir alls 60 verk sem öll flokkast undir að vera ljóðrænar abstraktionir. Sýningin stendur fram til 25. nóvember.

#### Franskt yfirbragð


Valgerður Hafstað á að baki langan listferil. Hún er fædd árið 1930. Stundaði nám í Kaupmannahöfn, Reykjavík og síðar í París þar sem hún var búsett fram til ársins 1974 er hún settist að í New York. Það er því ekki að undra að málverk listakonunnar hafi yfir sér franskt yfirbragð.

Myndverk Valgerðar eiga rætur sínar að rekja til franska informel málverksins sem mjög var áberandi á 6. áratugnum. Ekki er þó um að ræða tilviljunarkennda pensilskrift því málverk hennar virðist umfram allt ná-

## Myndlist

**Gunnar B. Kvaran**

## Menning



Gaukmánuður eftir Valgerði Hafstað.

Ljós. GBK.

kvæmlega uppbyggt og fyrirfram hugsað.

#### Lýrisk rökhyggja

Myndverk Valgerðar fjalla um lit og flæði, birtu og hrynjandi. Formin eru litir, settir fram í ákveðnum rytma eða hreyfingu sem gengur í gegnum verk-in, annaðhvort hæg og löng eða kvik og hröð. Og þó svo að þetta samspil lita og forma virðist tjá djúpstæð sannindi í huga listamannsins (sem í raun öll listaverk gera) má glögg sjá að sérhver mynd er engin tilviljun, heldur rökhyggja — lýrisk rökhyggja — sem byggir upp verkið og sundurgreindir í sínar smæstu eindir.

Myndir Valgerðar lýsa mikilli reynslu og djúpu innsæi í þessa tegund

af myndmáli. Hvort sem hún strýkur löngum stökum yfir myndflötinn eða kvikum sundurgreindandi pensilföllum. Þá er það gert af öryggi listamanns sem endurtekur í sérhverju listaverki sína listrænu sannfæringu. Valgerður hefur auðsjáanlega tileinkað sér áþjóðlegt myndmál og tekst að gæða það persónulegum broddi. Myndir hennar eru gerðar af mikilli tilfinningu fyrir lit og efni sem miðla áhorfendum ákveðnu andrúmslofti sem getur í senn verið gegnsær, liturinn/birtan, eða dularkent litaflæði. En þetta eru umfram allt ljóðrænar abstraktmyndir sem sýna að enn eru möguleikar á að finna nýtt sjónarhorn á gamla hugmynd.

GBK

## A THUGASEMD VIÐ GAGNRÝNI

Undirritaðir, skipuleggjendur og ábyrgðarmenn fyrir tónleikum Leo Smith í september sl., viljum mót-mæla skrifum Eyjólf Melsteðs í DV 24. okt. sl.

Hingað til hefur Eyjólfur Melsted ekki getað talist til alvarlegra gagnrýnenda á tónlist því yfirlæti og hroki eins og birtist í grein hans 24. okt. dæmir hann úr leik, en vankunnátta og metnaðarleysi hans — daglegt brauð í uppmælingarskrifum hans — grefur undan tónlistargagnrýni og er tekið af fólk sem skrálytur. Tökum nýlegt dæmi: Í ágúst sl. var hér á ferðinni austurrískur píanóleikari, maður sem í stærrí heimslistaborgum hverfur algjörlega í gráan massann. Hér á landi tókst honum (ekki sagt til að litillækka hann) að blása sig út eins og Garðar Hólm, nema þetta var ekki skáldsaga og það sem verra var; — maðurinn lék nokkrum sinnum undir yfirsinni spunaleiks sem hann viðurkenni í blaðaviðtali að honum væri ekki létt því (haldið ykkur) hann vissi ekki stundum — í miðjum spunanum, hvað leika skyldi næst og þyrfti því að byrja á upphafinu aftur! Nú, varla laug maðurinn í blöðum, enda var það aldrei ljósara en eftir kynni af tónleikum hans að honum var margt betur gefið en að improvisera. Það þótti því bráðfyndið þegar ljóst var að Eyjólfur yfirdómari kok-gleypti allar sögur um spuna Austurríkismannsins; lýsti yfir að hann væri fagætur snillingur. Oft hafa Eyjólfir verið mislagðar hendur í gagnrýni um samtíma tónlist (jass, ef fólk kys að kalla svo), en honum til hróss má segja að vanþekking hans á viðfangsefninu hefur tryggt hlutlaus skrif — ekki of jákvæð né neikvæð —, en nú bregður svo við í grein hans þ. 24. okt. sl. að kastað er hlutleysigriminni, ráðist að Leo Smith, tónleikahöldurum og tónlistarfólki, svo að furðu sætir.

Tónlist Leo Smith á hljómplötum og tónleikum hefur hingað til fengið stórkostlega dóma og skipað honum ásamt jafnöldrum sínum, Anthony Braxton og Roscoe Mitchell, í fremstu röð þeirra tónskálda sem líklegastir eru að færa jass sögu Bandaríkjanna inn á nýjar brautir. Virðing Leo er víða mikil og hefur hann verið tilefni umfangsmikilla kafla í tveimur bókum um samtíma jass, enda er hann ásamt George Russell eina tónskáld skapandi jass-tónlistar sem gefið hefur út sínar teoríur um tónlist (Rhythm 1977).

þremur bestu trompetleikurum þeirrar tónlistar sem fram kom eftir 1960. Hinir eru vafalífið Don Cherry og Lester Bowie. Hann tilheyrir annarri kynslóð avant-garde jass-tónlistarmanna og er einn af helstu áhrifamönnum AACM (Association for the Advancement of Creative Musicians) félagsins sem talið er eitt merkilegasta fyrirbærið í tónlistarsögu svartra í Bandaríkjunum.

Kollegar Eyjólfis hjá San Francisco Chronicle, N.Y., Times og tímaritunum Coda og Rolling Stone, svo einhverjir séu nefndir, telja Leo með sterkustu trompetblásurum skapandi tónlistar en lengst hefur hann líklega náð 1980 þegar gagnrýndur Down Beat völdu hann í árlegri kosningu númer 1 í kategoríunni „Talent Deserving Wider Recognition“.

Tónlist Leo Smith á hljómplötum og tónleikum hefur hingað til fengið stórkostlega dóma og skipað honum ásamt jafnöldrum sínum, Anthony Braxton og Roscoe Mitchell, í fremstu röð þeirra tónskálda sem líklegastir eru að færa jass sögu Bandaríkjanna inn á nýjar brautir. Virðing Leo er víða mikil og hefur hann verið tilefni umfangsmikilla kafla í tveimur bókum um samtíma jass, enda er hann ásamt George Russell eina tónskáld skapandi jass-tónlistar sem gefið hefur út sínar teoríur um tónlist (Rhythm 1977).

#### Talar sá sem allt veit

Eyjólfur er tíðrætt um „grautarlegan gerviafríkanisma“ og „pólítiska hugaróra“ Leo Smith, en skilur eins og oft áður við lesendur í lausu lofti, veltandi vöngum yfir meidandi fullyrðingum hans. Talað hefur sá sem allt veit um Afríku, tónlist heimsálfunnar, trúarbrögð og leiðtoga og honum er sannarlega misboðið þegar einhver niggari að nafni Leo Smith kemur inn í Norræna húsið, tileinkar einn strengjakvartett svörtum leiðtogum, sem hættu lífi sínu vegna hugsjóna sinna, og tileinkar svo tónleikana í heild mannréttindabaráttu í S-Afríku.

Afríkuserfræðingurinn deilir hins vegar vísu sinni með lýðnum, gefur nett í skyn að leiðtogarnir hafi nú verið svona og svona og fullyrðir að allt tal um mannréttindabaráttu, harðstjórn og mannlega niðurlægingu í S-Afríku séu pólítískir hugarórar.

Hvernig hægt er að komast að þessum niðurstöðum er ómögulegt að skilja. Látum vera að Eyjólfur hafi ekki þekkt til tónlistar Leo Smith og látum vera að hann viti lítið sem ekkert um samtíma jass síðustu áratugi en hrokafullar fullyrðingar, rangfærslur og háð hans um lífs-sköðanir erlendra tónlistarmanna er ekki hægt að þola. Það er lágmarkskrafa til gagnrýnenda að þeir séu lausir við hroka og sýni litillæti og of-boðlitla virðingu fyrir viðfangsefni sínu því þegar öllu er á botninn hvolft þá lifa þeir á sköpun listamannsins en ekki öfugt.

Leiðinlegt er að vita til þess að skapandi jassleikarar séu gagnrýndir af hroka og vanþekkingu sérfræðings sem skrifar um allar tegundir tónlistar — ekki skapandi skrif — því sköpun tengist ekki magnskrifum, þau eru hins vegar tengd peningum. Glöggir lesendur hafa vafalaust tekið eftir því að Eyjólfur gagnrýni á sömu síðu og Leo Smith kór Langholtskirkju. Stundum hefur legið við að Eyjólfur geti kallast kraftaverkamaður, svo mörgum stöðum hefur maðurinn mátt vera á, vopnaður sannleiks-sverðinu mikla. Aldrei fyrr hefur þó Eyjólfur afhjúpað „súpermarkaðs-skrif“ sín eins berlega og í umfjöllun sinni um Leo Smith. Ritstjórn DV og Eyjólfur verða að eiga við sig hvort meiningin er að halda áfram að krukka í allar tónlistarstefnur af vankunnáttu með hroka og dónaskap, eins og í tittnefndri grein Eyjólfis, eða hvort lyfta eigi skrifunum á hærra plan. Krafa okkar er að það verði gert.

Eyjólfur kveður lesendur sína með því að segja að Leo Smith hafi leikið einum of oft fyrir okkur Íslendinga. Glatt getum við marga aðdáendur Leo hér á landi með því að hann mun leika hér á landi á næsta ári. Frábærar viðtökur hans í septembermánuði í Norræna húsinu (tvisvar), í framhaldsskólum landsins og fyrir kjaffullu húsi á Hótel Borg tala sínu máli. Sem betur fer ráða smásálar úr gagnrýnendastétt ekki smekk landsmanna né djörfung tónleikahaldara.

Örn Þórisson  
Asmundur Jónsson

Nokkuð er líðið frá því umrædd gagnrýni kom fram og stafar töfin af því að upphafleg grein okkar taldist of löng og dróst að stytta hana.)